


# FJÁLLFARI.

| | | |
|---|---|---|
| Kemur út annan hvern laugardag ekki minna en sex póstpappírs arkir í hvert skipti. | 3. árg.<br>3. hefti<br>1. blað | Uppsögn skrifleg ógild nema komin sje til ritnefndar fyrir hinn 25. apríl næstkomandi. |

№ 7.

Fagranesi 14. febrúar 1903.

## Ritnefndin.

Indriði G. Sveinsson

Stefán Sigurðsson

Sveinn Lárusson

# Helstu þarfir þjóðarinnar

Það hefur verið mikið talað um skaða þann, er land vort hefur orðið fyrir og að líkindum verður fyrir af hinum svo kölluðu Ameríku ferðum landsmanna. Það er í alla staði full ástæða, þótt áhugasamir fósturlandsvinir riti mikið og djarft um jafn þýðingarmikið velferðarmál þjóðarinnar, enda hefur þetta áhugamál þjóðarinnar komist svo langt áleiðis, að fulltrúar landsmanna, n.l. þingmennirnir, hafa rætt um þetta mál á alþingi, þótt endurbæturnar yrðu, sem öllum er kunnugt, alls engar í þessu tilliti, enda sýnist nú skammsýnum mönnum í fljótu bragði, að sumir af vorum háttvirtu fulltrúum hafi ekki tekið rjetta stefnu í að ráða bót á slíku, þar sem því var hreyft, að tolla þá, sem af landi flyttu til Vesturheims.

Þegar litið er á ásigkomulag þjóðarinnar í sambandi við náttúrufar landsins, þá opnast fyrst fyrir sjónum hvers skynberandi manns, að nú sem stendur er vöntun á vinnukrapti í landinu einhver sú versta landplága nú sem stendur, og því virðist það hin beinasta og rjettasta stefna til þess að ráða bót á slíku þjóðarmeini, að þing og þjóð leggist nú á eitt, til þess að ráða bót á slíku þýðingarmikla málefni; og þá virðist nú heppilegast að leitast við að hindra áðurnefnda útflutninga á annan eðlilegri hátt, en að tolla fólk sem munaðarvöru, því slíkt mætti kalla alvarlegt þjóðarhneyksli, sem er næstum því ekki trúandi, að nokkrum af okkar fulltrúum skyldi til hugar koma. Það virðist liggja opið fyrir, að ef slíkur útflutningstollur af vestur förum hefði komist í lög, að þá hefði einmitt útflutningslöngun manna fyrst vaxið að miklum mun, svo framarlega sem kjarkur landsmanna og hluttdeild þeirra á framtíðar kjörum sínum sje ekki alveg útdauður af æfa gömlum harðindum og langfarandi stjórnleysi. Það virðist liggja næstum beint fyrir, að ef þetta hefði komist í lög, að þá hefðu menn einmitt fyrst reynt til af alvöru að komast vestur yfir hafið, og þá hefði verið auðvelt að fá „agentana“ til að túlka útfararlöngun sína fyrir hinni „amirík-ensku“ stjórn; og þá virðist full ástæða til að hugsa, að stjórnin hefði gefið oss Íslendingum kost á að flytja vestur án mikils kostnaðar. Það er oss öllum kunnugt, að hinni „amirisku“ stjórn er mikið áhugamál, að sem flestir útlendingar flytji inn í þeirra víðáttu mikla landflæmi, sem enn er óræktað, og gjöri það byggilegt; og þar sem Íslendingar þykja þar starfsamir og siðgóðir, þá liggur sú hugsun opin fyrir, að slíka menn mundi hin útlenda stjórn helzt kjósa til að gjöra land sitt byggilegt. Daglega heyrist talað um, að fólk sje að flýja landið, og það er satt, já, svo satt að af slíku er landinu háski búinn, ef ekki tekst að stöðva slíkt. En þó er ekki á aðra hliðina nema eðli-

legt, þótt ungt og efnilegt fólk leiti þangað, sem unnið er með meiri reglu og betri kjör eru en hjer á landi. Sem betur fer, á vinnumannastjettin til í förum sínum svo menntaða menn, sem sjá, að meðferð íslenzka vinnuhjúðsins er ekki samkvæm tímanum og útlenzkri vinnureglu, og því eptir því, sem menntun alþýðunnar vex, er það auðskilið, þótt hún vilji hrista af sjer gamla vanann og leita þangað sem frjálsræði hennar býður henni.

Á þessu ætti þingið að ráða bót á þann hátt, að leitast við að bæta kjör alþýðunnar, svo að hún gæti vel við unað; en því miður hefur þetta að miklu leyti enn að þessum tíma verið látið eiga sig.

Já þá kemur nú annað mikvægt atriði í framfaralegu tilliti. Þetta atriði hljóðar um það, hversu vinnukraptur landsmanna nú sem stendur gengur í öfuga átt, hvað snertir landbúnaðinn. Það er nú öllum kunnugt, að meiri hluti af þeim vinnukrapti, sem okkar fámenna þjóð getur í tje látið, gengur mest í þarfir sjávarins, sem reynslan sýnir þó, að er sífelldri óvissu undirorpin. Það hefur reyndar opt sýnt sig, að sjórinn veitir fljótan gróða og hefur opt á stuttum tíma gjört fátækan að ríkum, en hann hefur líka þráfaldlega gjört marga að efnalausum aumingjum.

Það nauðsynlegasta og skemmtilegasta væri auðvitað, að þjóð okkar gæti stundað bæði landgagn og sjávargagn, en þar sem vinnukraptinn vantar nú til að stunda hvorttveggja, þá efast jeg ekki um, að heppilegra væri að leggja aðaláherzluna á landbúnaðinn. Reynslan hefur þrásinnis sýnt það, að landbúnaðurinn er vissari, og að hann getur með atorkusemi tekið þeim framförum, sem enginn getur órað fyrir, en þrátt fyrir það þótt bæði jeg og aðrir segi þetta, þá er jeg allt af í öðru veifinu hræddur um, að þess verði lengi að bíða, að landbúnaðurinn taki þeim framförum sem margir föðurlandsvinir gjöra sjer hugmynd um. Það er margt því til fyrir-

stöda, einkum og sjerílagi fátækt landsmanna
vinnukraptsleysi, hart náttúrufar og fleira
Ad mínu áliti er þó einkum þad lang versta
í þessu máli ad minni hyggju, hversu vinnu
tíminn hjer á landi er sárastuttur. Reynslan
hefur sýnt þad optsinnis, ad margt vor
hefur komid þannig á Íslandi, ad engin vera
leg vinna hefur getad átt sjer stad fyr en
undir slátt, og opt hefur svo mátt heita, ad vet-
urinn hafi heimsótt oss um göngur og jafn-
vel fyr. Hjer af sjest þá, ad þessi stutti
sumartími gengur allur í þarfir heyskap-
arins; og hver verdur svo tíminn til ad rækta
jördina og til ýmissa annara þarflegra
fyrirtækja. Því er sem betur fer ekki nema
stundum þannig varid, en þetta hefur þó
opt komid fyrir og getur enn komid
fyrir; og þrátt fyrir þad, þó menntun og
framfarir eigi sjer stad, þá verdur þó hnatt-
stada landsins mestu í vedurfarslegu til-
liti. Þá er nú verzlunin; hún er nú þann-
ig löguð, ad vart er hugsandi, ad land vort taki
vel gódum framförum á medan hún er í sama
horfi. Þad fyrsta og helsta atridi — hvad þad snert-
ir ad bæta verzlunarplágu þá, sem í mörg ár
hefur spennt oss landsmenn helgreipum sínum
, og sem nú virdist algjörlega vera búin ad
dáleida mörg hjerud landsins, er einmitt þad
, ad afnema sem allra fyrst vöruskipta verslan-
ina og lánsverzlanina, en láta aptur hönd
selja hendi, fá peninga fyrir verk sín o.s.frv.
Þad er grátlegur sannleikur ad nú sem stendur
má líkja kaupmanna valdinu vid hid alkunna
biskupa vald, sem drottnadi hjer á landi í gamla
Katólskunni. Þad er hryggilegt, ad sjá þegar
ungir og efnilegir menn af alþýdustjettinni
verda ad tilbida þá menn um hjálp, sem
kannske þáum stundum ádur hafa fjeflett
þann hinn sama, já, grátbidja hann um
svo sáralitla hjálp, sem optsinnis er svo
ófullkomin, ad lántakandinn er litlu nær.
Þó er nú þetta lítid hjá því ad vera aldrei

í rjettum skilningi frjáls maður, því það er oss kunnugt, að fátækir skuldanautar Bangamannsins eru að heita má sjálfsögð vinnudýr þeirra, og vilji einhver af þessksonar mönnum neyta sinna meðfæddu einkarjettinda, hvað frjálsræði snertir, þá fyrst mega þeir eiga vísa reiði herra síns, en að verða fyrir reiði hinna jarðnesku drottnara, vill enginn gjöra að gamni sínu.

Það má nú með rjettu segja, að það er enginn vandi að benda á hitt og þetta, sem betur má fara, en að ráða bót á því, það er nú allt meira, enda ekki einstakra manna hlutverk. Hjer er nú svo stórt og þýðingarmikið verkefni fyrir höndum, að slíkt er að eins framkvæmandi fyrir okkar þingmenn. Það er alla tíma víst, að sannar framfarir á Íslandi eiga langt í land enn þá, já, svo langt í land, að jeg efast um, að nokkrum nú lifandi íslending auðnist að lifa þann tíma, en hitt er óneitanlegt, að oss Íslendingum er nú sem óðast að þokast í framfara áttina, en eptir því, sem örðugleikarnir eru fleiri og erfiðari, eptir því hlýtur framförin að verða minni; það er að skilja að verða minna ágengt, og þarf því lengri tíma; enda sýnir veraldarsagan það, að þar sem um miklar þjóðar framfarir hefur verið að ræða, að þar hafa framfarirnar ekki komið í snöggum hasti yfir þjóðina, sem skár úr lopti eptir langvarandi þurka, heldur hefur tíminn leitt framfarirnar í ljós, stundum hafa þær staðið í stað, stundum jafnvel gengið aptur á bak, allt eptir því hvaða menn hafa starfað á því tímabili, og hvaða hæfilegleikum þeir voru gæddir. Enn þá er eitt atriði enn, sem virðist hafa mikil áhrif á framkvæmdir landbúnaðarins, og standa honum að miklu leyti fyrir þrifum. Þetta atriði er n.l. það, hversu nú er orðið afar illt að fá nokkra manneskju í vist yfir árið.

En hverjar eru svo orsakirnar til þessarar
vinnufólks eklu? Þar eru nú mjög margar,
þó þessar, sem hjer verða nefndar, sjeu að
mínu hyggju þær helztu. Það er þá fyrst
að fólkið er ekki nóg til; annað að fólk
sækir allt of mikið að sjónum og að kaup-
túnum; þriðja og það helzta, að fólki
þykir frjálslegra að vera laust og liðugt,
þrátt fyrir það, þótt þeir hinir sömu
sjái það full vel, að þeir ekki ætíð beri meir
úr býtum í sjálfsmennskunni. Það er alls
ekki láandi neinum manni, þótt hann
kjósi helzt af öllu að vera frjáls og sem al-
minnst öðrum háður. Þetta er meðfæddur
eiginlegleiki, sem ríkir hvervetna í hinni
lifandi náttúru, og þar sem þjóðin hefir
verið mjög ófrjáls, þar hafa að öllum jafn-
aði verið mjög lítil framför. Það getur eng-
um manni blandast hugur um það, að
vinnumennskustaðan á Íslandi er mjög
bindandi, og kreinkir mjög mikið frjáls-

ræði þeirra manna, sem bindast vinnu hjá
bændum; því eigi húsbóndanum að líka vel
við hjú sitt, þá má svo heita, að það eigi enga
stund frjálsa í reglulegum skilningi, já, oft
ekki sunnudagana. Vinnuhjúin verða að þjóta
á fætur þó um hánótt væri, ef svo ber undir,
og stundum verða þau að vinna æði lengi;
tökum til dæmis vinnuhjú, sem stunda
sjó; þau vinna að minna eða meira leyti
að heita má allan sólahringinn, og þetta
er ekki hægt að segja, að sje rjett eða for-
svaranlegt, þótt tíminn og gamli vaninn
sje búinn að draga ský fyrir augu margra
manna í þessu efni. Þó er nú þetta ófrelsi
karlmanna ekki nærri eins mikið og ófrelsi
stúlkna, sem eru í vinnumennsku; það
hefi jeg sjálfur sjeð optsinnis t.d. um heyskap-
artímann, að aumingja kvennfólkið hefir
ekki fengið tíma til að hlynna að þeim
mönnum, sem þar hafa þurft að þjóna, nema
að nota sunnudaginn til þess.

Þetta getur mjer nú ekki dulist að sje ann-
að en ófrelsi á háu stigi og nokkurskonar
gamlar eptirstöðvar af gamla þræla haldinu.
Það getur enginn neitað því, að þótt lögin
væru látin skera úr þessu, þá mundi úr-
skurðurinn verða þannig: að vinnustúlkur
þyrftu alls ekki að vinna á sunnudögum,
heldur að þær hefðu fullan rjett til að taka
sjer tíma á virkhelgum dögum til að vinna
sín skyldu verk. Sömu leiðis er enginn efi
á því, að vinnumenn eiga fulla heimting
á vissum, ákveðnum vinnutíma í hverjum
sólarhring, og þá þar af leiðandi heimting
á vissum hvíldar tíma í hverjum sólarhring.
Alstaðar í hinum menntaða heimi, nema hjer,
er vinnutíminn fast ákveðinn stundafjöldi
á hverjum degi; og því skyldi það þá ekki
eðlilegt, þótt alþýða á Íslandi nú loksins
eptir því sem menntunin vex vakna af þeim
langa ófrelsis dvala, sem svæft hefur hina
íslensku þjóð um margar aldir.

Reynslan hefur sýnt, að menntunin hefur
opt byltingar í för með sje, og þá finnst
gamla vananum þessar byltingar stefna
í öfuga átt, þótt það gagnstæða eigi sjer stað.
Gamall vani er ætíð hinn allra sterkasti óvinur
frjálsræðis og framfara. Það er sannarleg þörf
á, að hjer á Íslandi kæmist á lögskipaður vinnu-
tími í hverjum sólarhring, og svo væri ákveðinn
borgunarupphæð á hverri tíma, sem unninn
væri, eptir hinn vissa vinnutíma hvers dags.
Þetta hlyti að verða mikla að fara betra, heldur
en gamla óreglan á vinnutímanum; og
reynslan mundi sýna, að þá gengi betur
að fá vinnufólkið. Þess skal getið að þessi
áðurnefndi strangleiki vinnuskyldunnar er
nú óðum að dofna, og hjá afar mörgum
húsbændum er hann nú alls ekki til, en
þó lifir enn allt of víða eptir af gamla
strangleikanum, hvað vinnu manneskjuna
snertir, og alstaðar drottnar óregla á
vinnutímanum, sem líka útlendingar sjá fullvel.

Jeg fer nú að hætta þessu, því nóg mun vera komið af þessu gagnslausa hjali, enda væri öllu viðfeldnara að rita um þetta málefni í opinberum blöðum; og svo afar mikið mætti um þetta segja, að naumast er ætlandi að okkar litla blað geti flutt slíkt, ef ritað væri um þetta efni út í ystu æsar. Jeg læt því hjer staðar nema, því eptir því sem minna er ritað, eptir því er minna athuga vert við ritsmíðið. Jeg get hugsað, að sumum þyki nóg komið af þessu.

Indriði G. Sveinsson.

## Efnasamsetning mjólkurinnar

Mjólkin er sú fæða, sem bæði maðurinn og öll spendýr hafa sjer til næringar á fyrsta skeiði lífsins. Hún er og sú eina fæða, sem getur fullnægt öllum þeim kröfum, sem líkaminn gjörir til fæðunnar. Þar eð náttúran hefur hagað því svo til, að mjólkin skyldi vera aðalfæða dýranna, á meðan þau eru á unga aldri, þá er það og auðvitað, að mjólkin hlýtur að vera samsett á hinn heppilegasta hátt eða sniðin eptir þörfunum. Þegar litið er nú til þess, að ungviðin yfir höfuð þurfa holdgjafa, syker og fitt meltanlega fæðu, þá hlýtur hún að innihalda þetta hvorttveggja. Nú með því að kúamjólkin er hin algengasta mjólk hjá oss, ætla jeg mjer að fara nokkrum orðum um hana sjerstaklega, en síðar fara nokkrum orðum um mjólk annara dýra. Því ekki ætti það síður að vera nauðsynlegt fyrir oss, að vita um eðli og efnasamsetning fæðu vorrar, heldur en um fæðu þá, er dýrin lifa á, sem þó virðist jafnframt mjög nauðsynlegt. Vökvi sá, er vjer köllum mjólk, er hvítur að lit, ógagnsær og hefur lítið eitt sætan keim, og vegna potturinn 2 80, þegar hann er hjer um bil 15° heitur (á Celsius); undanrenningin er lítið eitt þyngri. Hin efnafræðislega samsetning

mjólkurinnar er að því leyti lík samsetning jurta og dýra, að í henni finnast öll þau hin sömu efni, enda er það og nauðsynlegt, þar sem dýrin á sínu fyrsta aldursskeiði verða að hafa hana eingöngu til næringar. Að hinu leytinu er efnasamsetning hennar mjög breytileg bæði úr dýrum af ýmsum flokkum og úr dýrum af ýmsum kynjum, og jafnvel úr dýrum af sama kyni, er hafa sama fóður, hirðingu og allan hinn sama viðurgjörning.

Þetta skal nú sýnt með nokkrum rannsóknum af kúamjólk

| | Feiti. | Ostefni. | Eggjahvíta. | sykur. | sölt. | Vatn. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Mest | 5,40 % | 4,30 % | 1,50 % | 4,25 % | 0,88 % | 83,57 % |
| Minnst | 1,45 % | 1,90 % | 1,09 % | 3,90 % | 0,65 % | 91,01 % |
| Meðaltal | 3,92 % | 3,20 % | 1,30 % | 4,08 % | 0,77 % | 87,33 % |

Af rannsóknum þessum má nú sjá, að það einkum er feitin (smjörefnið) og ostaefnið, sem er mest mismunandi. Hin efnin geta að vísu opt verið lítið eitt mismunandi, en þó aldrei mjög mikið. Þess má og geta, að í broddmjólk er eggjahvítan mjög svo mikil frá 10–15 %, en eigi er það nema fáa daga (3–5); eptir þann tíma verður samsetningin vanalega sú, að föstu efnin sjeu frá 12–13 % og vatn 87 %–88 %.

Opt mun það vera tilfellið, að mjólkin fyrst eptir burðinn er nokkuð ríkari af hinum föstu efnum, einkum af feiti og ostaefni. Þegar lengra líður frá burðinum, verður þetta nokkuð á annan veg; feitin og ostaefnið fer minnkandi, en mjólkursykrið og söltin verða nokkuð meiri. (sölt þau er finnast í kúamjólk eru einkum þessi: fosfórsúrt kalk, járnoxyd, klorkalcium, klornatrium og natron)

Þegar kýrin er aptur á móti komin að burði, verður feitin að sínu leyti meiri en ostaefnið. Mjólkin úr þeim kúm, sem mjólka mikið, er opt fátæk af föstum efnum, þó er það ekki ætíð tilfellið. Fóðrið hefur og tölu verð áhrif á gæði mjólkurinnar; fóður, er hefur í sjer mikið af vatni, og er ríkt af sykri, eykur mjólkina, en hún verður þá vanal.

ljett; sje fóðrið þar á móti ríkt af holdgjafa og
feiti, verður mjólkin að mun betri. Það er því
áríðandi fyrir hvern þann, sem vill fá góða kúa-
mjólk, að hafa það ávallt hugfast, að sjá um
að holdgjafaefnin í fóðrinu sjeu næg í hlut-
falli við kolavatnsefnin, eða eigi minna en
1 á móti 7. Auk þessa hefir og margt annað
áhrif á gæði mjólkurinnar, svo sem: aldur dýrs-
ins, neyzluvatn, húsnæði, heilsa þess, veðurfar og
hagar og fleira, sem hjer yrði oflangt upp að
telja, og sem líka heyrir undir alidýrafræði.
Feitin eða smjörið kemur fyrir í mjólkinni
sem dálitlir hnettir, eða kúlur af ýmsri stærð,
og sem gjörir mjólkina ógagnsæja. Þar sem
kúlur þessar eru ljettari en vökvi sá, er þær fljóta
í, þá safnast þær á yfirborðið, sje mjólkin
sett og látin standa hreyfingarlaus. Ef vjer
nú virðum fyrir oss mjólkina, sjáum vjer,
að hún hefur skipt sjer í tvö lög, og er hið
efra gulhvítt að lit, og köllum vjer það
rjóma, en hið neðra bláhvítt, og köllum

vjer það undanrennu. Rjómanum er þá
hægast og bezt að ná frá undanrenning-
unni með því að fleyta hann ofan af
með skeið, og er það hið fyrsta stig að ná
feitinni hreinni úr rjómanum.

<u>Ostefnið</u> kemur fyrir í mjólkinni
bæði uppleyst og í smá kúlum; því má ná
frá með því, að hita mjólkina nokkuð
(15–20°, og setja svo saman við hana lítið
eitt af hleypir, ediksýru eða öðrum sýr-
um; sje hlaup þetta síðan hrært sundur
og síðan pressað, þá skilst frá því græn-
leitur vökvi, er vjer köllum mysu, en ost-
efnið fæst hreint. Á þennan hátt eru
allir ostar unnir.

<u>Mjólkursykrið</u> er uppleyst
í mjólkinni, og hefur hún sinn sæta keim
af því. Þegar vjer höfum náð feitinni og ost-
efninu úr mjólkinni á þennan hátt, er
vjer höfum umgetið, má og ná sykrinu

úr mysunni, með því að sjóða hana, þar til allt vatn er uppgufað, krisaliserað sykrið, sem kallað er, í smá korn. Á þennan hátt er tilbúinn mysuostur, en þá verður að fyrir byggja að sykrið geti kristaliserað, með því að berja það með trjesleggju, þar til það er kalt orðið.

**Mjólkursykrið** getur og ~~getur og~~ komið til leiðar hverskonar gerðingu, vínandagerðingu og mjólkursýrugerðingu, með því það ummyndast í vínanda og kolsýru eða mjólkursýru. Hjarðmenn í suðurlöndum geta búið til áfengi úr mjólkinni, en til þess nota þeir einkum ~~kafla~~ kaplamjólk. (Hjer átti að koma um Eggjahvítuna § X Eggjahvítuna E.S.)

**Sauðamjólk** inniheldur öll hin sömu efni sem kúamjólk, en af þeim sömum er hún töluvert ríkari, einkum feitinni og ostefninu. Í góðri sauðamjólk er feitin þannig 6–8 %, ostefnið 6 % og jafnvel meira. Að meðaltali mun óhætt að telja, að sauðamjólkin hafi 18–20 % föstefni; þetta sjest glöggt af eptir fylgjandi töflu.

| | |
|---|---|
| Holdgjafa kennd efna samband } það er osta efni og eggjahvíta } | 4,5 – 7 % |
| Feiti ........... | 4,2 – 8,5 % |
| Mjólkursykur ........... | 3,3 – 5,7 % |
| Steinefni ........... | 0,6 1 % |
| Vatn ........... | 82,4 – 85,6 % |

Þessi mikli mismunur á gæðum sauðamjólkurinnar getur komið til af mörgum ástæðum, svo sem: misjöfnum haga, misjafnri hirðing, vondu húsnæði og mjöltum með fl.

**Geitamjólk** hefur nokkuð meira af föstum efnum en kúamjólk, en þó minna en sauðamjólk; einkum er hún feitisrík, svo það er eigi allsjaldan, að hún innihaldi 6 % feiti.

**Kaplamjólk** er fátækust af föstum efnum, hefur bezta tilfelli meira en 1–9 %, þar af er mjólkursykrið yfirgnæfandi efnið, opt 6 %, feiti er mjög svo lítil frá 0,5–

0,8 % og ostefnið einnig lítið: 1–2 %.

× Eggjahvítan er uppleyst í mjólkinni, og skilst eigi frá við sama hita sem ostefnið. Ostar, sem eru búnir til við 20–30 gr. hita, innihalda því eigi eggjahvítuna, heldur einungis ostefnið. Við 65–75 % hita hleypur það þar á móti saman, og má því vinna úr því hinn svo nefnda eptirost.

Það hefur eigi all litla þýðingu fyrir magn og gæði mjólkurinnar, hvernig mjólkað er. Sje illa mjólkað, er það hvort tveggja að mjólkin verður minni, og hitt, að hún verður lakari; en þess er opt og tíðum ekki gætt sem skyldi. En til þess að mjólka vel, þarf bæði lipurð og kunnáttu, sem þó verður ekki af bókum lærð. Sje látið vel að dýrunum, meðan mjólkað er, einkum kúm, mun það reynast, að þær þá selja betur og við það fæst bæði meiri og betri mjólk.

Það væri annars mjög æskilegt, að hin gamla aðferð við mjaltir á kúm legðist niður, en í hennar stað væri farið að iðka hina nýrri aðferð að kreista mjólkina úr júgrinu, sem er margfalt eðlilegri og þægilegri fyrir dýrin, því hún líkist svo mjög aðferð kálfsins, þegar hann sýgur.

Hvaða aðferð sem höfð er við mjaltir, skyldi ávallt gæta þess, að mjólka vel, mjólka þangað til að ekki fæst neinn dropi úr spenanum, því við að skilja eptir, geldist dýrið og auk þess skemmir það mjólkurfærin, og helst ætti sá sami að mjólka sama dýr. Auk þess er það mjög mikill skaði uppá feitina í mjólkinni að mjólka illa, því mismunur á gæðum mjólkurinnar er svo mikill, að þó að feitin í þeirri mjólk, sem fyrst er mjólkuð, sje eigi meira en 2–2,5 %, þá er hún allt að 8–8,5 % í þeirri er síðar fæst úr júgrinu. Með því að flest öllum mun vera áhugamál að fá sem mest smjör úr mjólk þeirri, er þeir eiga, þá ætla jeg að minnast á

eitt atridi enn, sem getur haft töluverd
áhrif á feiti megn mjólkurinnar, sem er
ad setja mjólkina svo fljótt sem audid er,
þegar búid er ad mjólka. Þad er langt sídan
þad var athugad, ad sú mjólk settist illa, sem
flutt hafdi verid nokkra leid ádur hún var
sett. Þetta var kennt hristing á mjólkinni
og álitid ad kæmi til af því, ad feitikúlurnar
í mjólkinni skiptust sundur, og þar aflid-
andi settist ver, því þar afleidandi hlutu feiti-
kúlurnar ad missa krapt sinn til ad lypta
sjer til yfirbordsins. En vid tilraunir, sem
gjördar voru, til ad komast fyrir þetta, sann-
adist, ad þetta var næstum því eingöngu ad
kenna því, hvernig mjólkin hafdi kólnad. Þad kom
þá í ljós, ad þad missist töluvert af smjöri vid
hvert hitastig, sem mjólkin kólnar, og þad
aptur, ad þad má bæta úr þessu med því ad
hita mjólkina aptur allt ad 30–40° C.
Úr þeirri mjólk, sem ádur fengust 100 ℔ af
smjöri, og sem hafdi verid sett strax

volg úr fjósinu og látin standa hreyfingar-
laus í 34 kl. stundir, fjekkst eigi meira en
kjernum til 70 ℔ af smjöri, þegar hún hafdi
stadid í 4½ kl. stund og var ad eins ádur 8,1°
heit á Cel., þegar hún var sett; þannig vard kjernum bid
1/3 eptir af smjörinu í mjólkinni.

Þad er því mjög naudsynlegt, ad
gjöra allt sem hægt er til þess ad varast
ad láta þá mjólk, sem setja á, standa
lengi, ádur hún er sett eda ad hún kólni

Einar Gíslason.

(Steini)

# Kvædi eptir

# Sigurjón Jónasson

(Hólakoti).

# Heiðmyrkur

1.

Hvílík undur augun fyrir ber,
aldrei fyrri slíka dýrð jeg sá;
á fjallsins brún jeg flýta gjöri mjer
úr fylgsnum þoku, er mig byrgðu grá;
jeg sest á stein og stari út í geim;
jeg staddur er í undraverðum heim.

2.

Það er líkt sem sitji jeg eyju á úti í
regin hafi stórðu fjær,
út yfir, sem augað hvergi sá,
á ómælandi djúpið sólin slær
geisladýrð, svo glitrar bylgja hver;
jeg geysimargar eyjar lít og sker.

3.

Ægilega unnar djúpið breitt
allt að fótum mínum belgir sig;
en ekki heyrist ægisskvaldur neitt,
engin bára springur geigvænleg;
ei við ströndu aldan hreyfist styrk;
allt er þögult líkt og grafar myrk.

4.

Þó sje jeg glöggt, að hreyfist hafið vítt
hægum undan vindblæ norðri frá;
þó er logn svo ljúft og unaðsblítt
um landið smá sem að dvel jeg á;
Þvílík kyrrð og þögn í mínum heim
í þægum dvala stari jeg út í geim.

5.

Eyjarnar, sem áður leit og sker,
eru að hverfa niður í sollið djúp;
jeg sje líka, að eyjan, sem mig ber,
er að sveipast dökkum bylgjuhjúp.
Hvílíkt undur! ekkert sje nje finn,
jú, andi svalur leikur mjer um kinn

6

Þá hrekk jeg upp frá undraheimsins sjón,
nú allt er hulið dimmri þoku hjer;
ekki lengur eygló fögur skín,
öll er sjónin fagra horfin mjer;
jeg sit hjer einn við uppheim fjallageims

í undirdjúpi þessa fagra heims

O! hve sárt jeg sakna þess, er leit,
hve svipmikið var ekki þetta haf?
Og hvert þvílíkt aptur sje, það veit
aðeins sá, er þessa sjón mjer gaf.
Burt jeg hryggur held, en grund
er grýtt, og geng að kanna undir-
djúpið vítt.

Að endingu kann jeg þeim góðar þakkir, sem sýndu þau liðlegheit, að senda blaðinu Fjallsfora greinir sínar

Þeir, sem hjer eptir ætla að senda blaðinu ritsmíði, eru beðnir að senda það til herra Stefáns Sigurðssonar á Meyjarlandi; því hann verður næst ritstjóri blaðsins, þar sem jeg verð kannske ekki við heimili mitt.

Indriði G. Sveinsson